

Ógleymanleg stund

Hljómsveitin Sálín hans Jóns míns og Gospelkór Reykjavíkur halda tónleika í Laugardalshöll þann 15. september.

Öll lögin verða útsett sérstaklega með hliðsjón af hinum róm-

aða kór, sem er annálaður fyrir innblástur og kraftmikla túlkun.

Óskar Einarsson, stjórnandi Gospelkórsins, lofar hörkutónleikum. „Þetta verður ógleymanleg stund. Ég fullyrði að fólk labbar út

brosandi allan hringinn og á eftir að tala um þetta í langan tíma,“ segir hann.

Auk Sálarinnar og Gospelkórs Reykjavíkur, sem telur hátt í þrjátíu manns, mun brasssveit Jagúars koma fram ásamt Ásgeiri Óskarssyni úr Stuðmönnum sem leikur á slagverk. Óskar sjálfur mun síðan sjá um píanóleik. „Við tókum öll þekktustu lögin þeirra frá a til ö. Þetta spannar þeirra tímabil nánast frá upphafi,“ segir Óskar og bætir við að tvö ný lög með Sálinni verði frumflutt.

Tónleikarnir verða hljóð- og myndritaðir og er stefnt á útgáfu í nóvember.

Miðasala á tónleikana fer fram á stöðvum Esso á Ártúnshöfða og í Fossvogi, í Skífunni, BT og á midi.is. Aðeins verður selt í sæti. Miðaverð er 4.000 kr á B-svæði og 5.000 á A-svæði.



SÁLÍN HANS JÓNS MÍNS Hljómsveitin Sálín hans Jóns míns spilar með Gospelkór Reykjavíkur hinn 15. september.